

Akranestorfæran 20. júlí 2019

Frá Dómnefnd keppinnar
Til Óskar Jónsson, Úlfurinn
Ákvörðun # 1

Á fundi dómnefndar þann 12. ágúst 2019 var tekin fyrir kæra Óskars Jónssonar (Úlfsins) á stigagjöf í götubílaflokki á torfærukeppni 20. júlí 2019 á Akranesi dagsett 8.8.2019 og móttekin af dómnefnd sama dag innan gefins kærufrests með staðfestri greiðslu kærugjalds.

Við fyrirtöku kærunnar er ljóst að hún varðar fleiri en eitt aðskilin mál eða keppendur. Grein 13.1.3 (og reyndar einnig grein 13.4.1) í International Sporting Code (ISC) FIA kveður á um að í slíkum tilfellum þurfi að kæra hvert tiltekið mál sérstaklega.

13.1.3 *A Competitor wishing to protest against more than one fellow Competitor must lodge as many protests as there are Competitors involved in the action concerned.*

Jafnframt verður ekki séð að í kærinni komi fram á hvaða greinum gildandi reglna um keppnina hún byggir. Grein 13.4.1 í ISC kveður á um að það beri að taka fram.

13.4.1 *Any protest shall be in writing and must specify:*
- the relevant regulations,
- the concerns of the protesting party, and
- against whom the protest is lodged, when relevant.
Where multiple Competitors are concerned, a separate protest must be filed against each Competitor concerned.

Þar sem kæran varðar stigagjöf stigadómarar er ljóst að regla 13.7.1 í ISC á við. Þar er skýrt tekið fram að dómar stigadómarar séu ekki kærnanlegir.

13.7.1 *Protests against decisions made by any judges of fact in the exercise of their duties will not be admitted.*

Kæran eins og hún er lögð fram varðar, auk kæranda, tvo aðra keppendur. Samkvæmt reglu 13.7.3 í ISC er ekki hægt að taka slíka kæru til greina. Kæra getur aðeins varðað einn tiltekinn keppanda umfram kæranda.

13.7.3 *A single protest against more than one Competitor will not be accepted.*

Af ofangreindum ástæðum og með vísan til þeirra reglna sem upp eru taldar er kærinni því vísað frá. Varðandi kærugjald er vísað til greinar 13.10.1 í ISC þar sem kveðið er á um að við frávísun kæru sé kærugjald óendurkræft.

13.10.1 *If the protest is rejected or if it is withdrawn after being brought, no part of the deposit shall be returned.*

Úrskurður þessi er sendur kæranda í tölvupósti á uppgefið netfang hans og verður auk þess birtur á vef AKÍS 13. ágúst 2019 klukkan 14:00.

Staðfest af dómnefnd kl. 21:30 þann 12. ágúst 2019.

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Þórður Ingvason, Baldvin Hansson

Afrit sent AKÍS og keppnisstjóra.